



**HAFNARFJARÐARBÆR**  
**Skipulags- og byggingarsvið**

Dagsetning  
10.02.2015

**Umsögn Hafnarfjarðar um mál 305 Raforkulög, samþykkt á fundi Skipulags- og byggingarráðs Hafnarfjarðar 10.02.2015.**

Skipulags- og byggingarráð Hafnarfjarðar tekur undir umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga, m.a. hvað varðar skerðingu á skipulagsvaldi sveitarfélaganna. Skipulags- og byggingarráð mótmælir þessari skerðingu. Ámælisvert er einnig í því sambandi að kerfisáætlun sé einungis háð samþykki Orkustofnunar en ekki lögboðinna skipulagsyfirvalda, þ.e. Skipulagsstofnunar eða Umhverfisráðuneytis.

Skipulags- og byggingarráð gerir athugasemd c-lið frumvarpsins (9. gr. c): „Sveitarstjórnnum ber við næstu endurskoðun aðalskipulags, og eigi síðar en innan fjögurra ára frá samþykkt kerfisáætlunar, að samræma skipulagsáætlanir vegna verkefna í staðfestri tíu ára kerfisáætlun. Sveitarstjórnnum ber enn fremur að tryggja að skipulagsmál hindri ekki framgang þeirra verkefna sem eru í staðfestri þriggja ára framkvæmdaáætlun kerfisáætlunar. Ákveða skal legu flutningslína í skipulagi að fenginni tillögu flutningsfyrirtækisins í samræmi við kerfisáætlun, að höfðu samráði þess og skipulagsyfirvalda. Sveitarstjórn er óheimilt að víkja frá tillögu flutningsfyrirtækisins ef það leiðir til þess að flutningsfyrirtækið nær ekki að uppfylla skyldur sínar samkvæmt gildandi kerfisáætlun hverju sinni.“

Í a-lið frumvarpsins (9. gr. a) segir: „Flutningsfyrirtækið skal hafa samráð við Samband íslenskra sveitarfélaga, landshlutasamtök sveitarfélaga og þau sveitarfélög sem kunna að þurfa að gera breytingar á skipulagsáætlunum sínum vegna kerfisáætlunar. Drög að kerfisáætlun skulu kynnt og send þessum aðilum til sérstakrar umfjöllunar og ber þeim að skila athugasemdum innan sex vikna frá kynningu.“

Með þessu er skipulagsvaldið tekið af sveitarfélögunum. Með því að sveitarfélögin eru einungis umsagnaraðilar eru skipulagshagsmunir þeirra á engan hátt tryggðir, en einungis horft til hagsmuna raforkuflutningsfyrirtækisins. Nauðsynlegt er að inn í löginn komi ákvæði sem tryggi að skipulagshagsmunir sveitarfélaganna séu virtir. Eftirfarandi setning ætti að vera í frumvarpinu, og gæti staðið í upphafi c-liðar: „Í kerfisáætlun skal tryggt að lagning raflína hindri ekki uppbyggingaráform sveitarfélaga a.m.k. næstu 20 árin, m.a. hvað varðar íbúðarsvæði, atvinnusvæði og samgöngumannvirki, þannig að raflínur standi ekki í vegi fyrir samfelldri þróun byggðar út frá hagkvæmnis-, félagslegum og umhverfissjónarmiðum.“

Skipulags- og byggingarráð áskilur sér rétt til að gera athugasemdir við útfærslur einstakra atriða á síðari stigum.

F.h. Skipulags- og byggingarráðs Hafnarfjarðar

Dr. Bjarki Jóhannesson  
Sviðsstjóri/skipulags- og byggingarfulltrúi Hafnarfjarðar,  
Tölvupóstfang: [bjarki@hafnarfiordur.is](mailto:bjarki@hafnarfiordur.is)